



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1147
komudagur 23.2.2012

Gunnarsholti, 23. febrúar 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall ýmissa laga á sviði fræðslumála (úrelt lög)

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dagsett 13. febrúar, hvar óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til laga um brottfall ýmissa laga á sviði fræðslumála (úrelt lög), sjá þingskjal 490 – 382. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir brottfalli fjögurra lagabálka. Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir brottfalli laga nr. 58/1974 um landgræðslustörf skólafólks.

Landgræðsla ríkisins leggst ekki gegn brottfalli laganna enda eru þau að nokkru leyti úrelt sem slík. Markmið laganna er þó gott og ber áformum og áherslum, a.m.k. þess árs sem löggin voru sett, fagurt vitni. Löggin gera ráð fyrir að skólafólk skuli vinna að landgræðslumálum sem skilgreind eru svo í 1. mgr. 2. gr.

“Landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum eru græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar, gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis; gróðursetning skrúðjurta og endurbætur skrúðgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.”

Ofangreind verk og fræðsla sem þeim tengist hlýtur að vera nokkuð sem vert er að upplýsa nemendur um og leiðbeina til framtíðar.

Landgræðsla ríkisins vill benda á að ekki er gert ráð fyrir brottfalli laga nr. 13/1952 um skógræktardag skólafólks. Markmið þeirra laga, líkt og markmið laga nr. 58/1974, er ágætt. Líklegt verður þó að telja að löggin samrýmist hvorki, frekar en lög nr. 58/1974, því skólaumhverfi né réttindahugmyndum sem í dag eru í gildi enda segir í 1. mgr. 1. gr. laganna:

“Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.”

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birkir Snær Fannarsson